

Suður um nesin

Hún stendur hátt og fyrir opnu hafi. Áður á tíð, þegar áraskipin lögðu úr hverri vör á nesinu og vonzka hljóp í veðurgoðin meðan skipin lágu undir færur og til lands að sjá var einn ægihvítur garður og hvergi rof í, var sumra klerka siður að opna hurðina á gátt. Og til skamms tíma voru uppi þeir menn, sem töldu sig hafa fundið ótvíræðan yl hugrekki og vonar leggja til sín á hafið, þangað sem þeir lensuðu skipunum, eða réru í kapp við ólög in upp að landinu.

Kannski hefur Hallgrímur sálugi Pétursson skilið eitt hvað það eftir á Hvalsnesi, sem ekki finnst annars staðar, hversu hátt sem seilt er.

Og einhvern veginn er það svo með Hvalneskirkju, segir Guðmundur bóndi Guðmundsson á Bala í Stafneshverfi, að á landstími í svartaböku, ris hún gjarna fyrst úr kófinu og í tæka tíð til að átta sig eftir á Sundið.

Hugsum okkar nú að við stöndum öðrum fæti á Bäsenda og hinum á sjávarkambinum á Flankastöðum. Þá er í einu klöfað yfir fjögur byggðahverfi á Miðnesi: Stafneshverfi, Hvalneshverfi, Bjárstaðahverfi og loks Sandgerði.

Áður en við hefjum ferðina



Brotsjóir á Stafnesrifi undan Gelluklökkum.

frá Stafnesi í Sandgerði, skulum við doka við hjá lágrí þúst í túnfæti. Hún kúrir sig í grasíð með fingur á vör, hljóð og yfirlætislaus, eins og fólkíð sem einu síni bjó þar.

— Veiztu ekki ungi maður,

að hér bjó ég karli og kerlingu skjól. Þau gátu börn og börnin dóu næstum jafnóðum. Upp komust þrjú — kannski fjögur. Það er svo langt síðan. Karlinn fékk sitt útlátna vota leg á útvegi stórbóndans. Strák

arnir tveir gengu í skarðið og eftir að þeir voru drukknaðir klúkti kerlingin ein í kotinu. Dóttirin var gift ungum manni í öðru koti og hann drukknaði áður en varði og synirnir gengu til fundar við hann á hafsbotni og kerlingin klúkti ein í kotinu því. Svo var haldið uppboð á örvasa kerlingum og þær seldar lægstbjóðanda til að þrjóna og þrjóna og róa í gráðið, þar til síðasta bakfallið entist þeim til ómerktrar grafar í óæðri enda kirkjugarðsins, þar sem klerkur tuldraði við bringu sína, meðan hundarnir migu utan í graftólin og líkmennirnir glottu við pyttlunni.

Slíkar urðu sjóferðir minna skjólstaðinga. En vita skaltu að þetta var fólkíð, sem stóð undir stórbændunum, svo þeir gætu annað stórræðum og fleytt þessu útskeri okkar á leiðis hingað.

Mundu er þú horfir með aðdáun á höfuðbólið, að ganga við í túnfætinum og lúta höfðum stund.

Þannig hjala tóttirnar óaflátanlega og vallgrónir garðar hálfir í jörð og hálfir á jörð horfa upp á gestinn eins og milli vonar og ótta.

Ætlar þú að reisa okkur við? Ekki veldurðu því berhentur.

Kannski bóndinn láni okkur reku.

Kannski ekki.

Það gildir einu.

Farðu í friði.

Og nöfnin á þessum tóttum spegla ljóst yfirlæti höfðinga, anna á heimabæjunum. Gosa og Sandhús og Harðhaus eru í Stafneslandi og einhvers staðar hét í „Rembihnúti“. Og einhverju sinni mátti telja 24 hjáleigur í Stafneslandi, grasbýli og þurrabúðir.

Og nú skulum við hefja ferðina norður eftir Miðnesi á Stafnesi. Þar höfðum við til fylgdar Guðmund á Bala.

Næstum ljóðrænn blær andar af hafinu þetta síðdegi og maður gæti farið að syngja

Hafið bláa hafið upp úr þurra og án þess að vita af því. Bláminn er svo djúpur, brimíð er svo hvítt og lognið svo vært. Skært glampar á sjóinn og bátarnir lyftast yfir hafflötinn í tíbránni. Svo kemur kannski Gullfoss að norðan, þybbinn nokkuð um keisinn, en léttur eins og hugboð um meiri sól, ævintýri og miklu meira haf, hverfur hann suður um Hafnabergið, þar sem vitinn á Reykjanesi gnæfir upp fyrir eins og áminning til Guðs.

Og við stöndum á Gelluklökkum fram undan Stafnesvita þær eru fagaðar af ólögum. Sjórinn kann að fara með grjót svo stáss verði að. Í versta veðrum og stórum flóðum gengur hann alveg upp að vitanum. Ekki lætur hann þó á sjá, enda byggður á þeirri undirstöðu, er sítt bílar. Þarna hefur vitinn staðið síðan aríð 1925, eða í 43 ár og jafnlegr, og Guðmundur hefur búið í Stafnesi.

Inn með þessum klökkum að sunnanverðu gengur Gosuvík. Fyrir botni þess stóð býlið Gosa og sér enn fyrir tóttunum. Utan til í vikinu og skahallt inn í klappirnar er Stokkavör. Þar var bátum lent og fiskurinn seilaður. Síðan urðu hásetar að bera seilarnar á bakinu upp glerhalar og þangivaxnar klappirnar upp á skiptivöllinn, sem var þar á milli, sem eru rústir af steinhúsi og gamalli ísgeymslu. Eftir uppburðinn var farið með skipin yfir í Sandhúsavík og þau sett í Skiphólma á lága klettastalla, svokallaðan Flór. Væri hins vegar vont veður var farið með skipin alla leið upp á hólmann. Þar voru þau einnig geymd milli vertíða. Uppi á Skiphólmanum er fornleg tótt. Sagt er að þar hafi staðið býli, sem enginn man lengur að nefna. En allt eins gæti hún verið af skipshrófi.

Karlarnir voru sjóklæddir við fiskburðinn upp á völlinn. Það segir Guðmundur að hafi verið versta verkið. Skinn-



Guðmundur á Bala horfir heim að Stafnesi.